

Lausafjártrygging fyrir bændur bætir m.a. tjón vegna bruna, óveðurs, umferðaróhapps og raflosts á váttryggðu lausafé, allt eftir því sem nánar er tilgreint í skilmálum. Um trygginguna gilda þessir skilmálar auk almennra skilmála félagsins nr. 001.

**Váttryggður** er váttryggingartaki. Váttryggingin er ekki til hagsbóta fyrir aðra aðila svo sem veðhafa eða nýjan eiganda hins váttryggða.

**1. gr. Hvar gildir tryggingin?**

Váttryggingin gildir á þeim stað sem tilgreindur er á váttryggingarskírteininu.

**2. gr. Hvað fellur undir trygginguna?**

Váttryggingin bætir tjón á hinu váttryggða lausafé sem tilgreint er á váttryggingaskírteini en tekur aldrei til rekstrartaps eða annars óbeins tjóns. Sé ekki um annað samið tekur váttryggingin aðeins til tjóns á lausafé í eigu váttryggðs.

Váttryggingin tekur eingöngu til lausafjár sem tilheyrir búrekstri váttryggðs þar með talið fóður, hey, uppskera og búfánaður nema um annað sé samið.

**3. gr. Hvað bætir tryggingin?**

Váttryggingin greiðir bætur vegna tjóns af völdum bruna, eldingar eða sprengingar. Með bruna er átt við eldsvoða, þ.e. lausan eld sem myndar loga og getur breiðst út sjálfkrafa. Með eldingu er átt við varma eða kraftaverkun rafmagns í sambandi við leiðni eldingarstraums til jarðar. Með sprenging er átt við efnahvörf sem gerast á svipstundu með mikilli varmamyndun og öflugri rúmtaksaukningu efna.

Váttryggingin greiðir jafnframt bætur vegna eftirfarandi tjónsatvika:

- Tjón sem orsakast af því ef hinn váttryggði búfánaður verður fyrir raflosti og drepst.
- Tjón ef sauðfé eða nautgripir drepast af völdum umferðaróhapps enda fáist tjónið ekki bætt af hálfu tjónvalds eða ábyrgðartryggjanda ökutækis.
- Skemmdir á gufukatli eða háþrýstisúðkerfi er hlýst af yfirþrýstingi sem myndast óviljandi við venjulega notkun tækisins.
- Tjón af völdum loftfars eða hluta sem falla úr loftfari.
- Skemmdir vegna skyndilegrar sótmengunar frá eldstæði sem ætlað er til að hita upp húsnæði, enda sé gerð eldstæðis í samræmi við lög og önnur opinber fyrirmæli.
- Tjón sem stafar af slökkvistarfi.
- Tjón á hinu váttryggða sem verður af völdum óveðurs, þegar vindur nær að rjúfa þak, glugga eða veggi eða fellir hús, sem hið váttryggða er geymt í. Með óveðri er átt við ofsaveður, þ.e. ef vindhraði nær 28,5 m/s samkvæmt mælingu Veðurstofu Íslands. Séu ekki fáanlegar viðurkenndar upplýsingar um vindhraða á tjónsstað, þegar tjónið varð, skal hafa til hliðsjónar hvort almennt eignatjón hafi orðið á svæðinu af völdum óveðurs, þegar tjónsatburðurinn átti sér stað. Óveðurstjón á hinu váttryggða sem er úti bætist ekki.

**4. gr. Undanþágur**

Váttryggingin bætir ekki tjón:

- Sem ekki verður talið eldsvoði, t.d. þegar hlutur sviðnar, ofhitnar eða bráðnar.
- Vegna brunaskemmda sem hljótast af því að hlut er af ásettu ráði stofnað í hættu af eldi eða hita við upphitun, þurrkun, suðu, bræðslu eða öðru þess háttar.
- Vegna skemmda á raftækjum eða rafeindatækjum af skammhlaupi eða öðrum hreinum rafmagnsfyrirbærum, nema atvikið valdi eldsvoða eða sé bein afleiðing eldsvoða.
- Vegna brunatjóns á lausafé sem fellur undir lögboðna brunatryggingu fasteigna.
- Rekstrartap eða annars óbeins tjóns.

**5. gr. Sérákvæði um váttryggingarverðmæti búfjárs og fóðurs**

Við ákvörðun váttryggingarverðmætis búfjárs og fóðurs skal haft til hliðsjónar viðmiðunarverð samkvæmt upplýsingum frá Bændasamtökum Íslands.

**6. gr. Sérákvæði um eigin áhættu**

Tjón á sauðfé vegna umferðaróhapps bætast án tillits til eigin áhættu samkvæmt váttryggingarskírteini.

**7. gr. Varúðarregla**

Fyllstu varúðar ber að gæta við hirðingu og geymslu fóðurs vegna hættu á hitamyndun og sjálfískveikju. Reglubundið eftirlit með hitamælingum og kæling með blásara er nauðsynleg fyrstu vikurnar eftir hirðingu. Sé blásturskæling ekki í hlöðu en hiti kominn í 50-70°C ber að grafa geilar í heyið til að kæla það.

**Skilmálar þessir gilda frá 2. október 2019.**